


„Ég trúí á eðlisávisunina . . .“



— Ólafur Lárusson myndlistarmaður sýnir á Kjarvalsstöðum um þessar mundir. Spjallað er um sýninguna, lífið og listina

Ég er ómögulegur í viðtal svona snemma morguns, segir Ólafur Lárusson myndlistarmaður, þegar ég teymi hann í átt að kaffihúsi þar sem ætlinin er að rekja úr honum garnirnar vegna yfirstandandi sýningar hans í Kjarvalssal á Kjarvalsstöðum.

Hann horfir fjandsamlega á blaðamann, — klukkan er hálf-tíu — og segir: „Ég hef aldrei kunnað við morgunhrafna, nema þá, sem eru búnir að vaka alla nóttina og ég næ í skottið á, þegar ég er sjálfur að vakna.“

Hann er úrillur en það stendur ekki lengi yfir. Þegar við erum sest fer hann að tala um sýninguna sína.

„Mig hefur lengi langað til að vera með stóra sýningu, sjá á einum stað það sem ég hef verið að gera undanfarin tvö ár. Það er líka ógrun að fara út í stóra sýningu, þá hefur maður eitthvað til að vinna að. Þetta er soldið spennandi,“ segir hann.

„Sýningin samanstendur af teikningum, sem eru meginuppi-staðan, ljósmyndum, tveim skúlptúrum og kannski verð ég með eitthvað af grafík, en það er óráðið ennþá, ég hef ekki ennþá komist í að prenta hana.“

Ég held ég fari með það rétt að þetta eru 230 teikningar á stærðarbilinu 1,50x1,70 og alveg niður í 13x10.

Þær eru allar ógurlega sætar, þetta eru pastelteikningar, og lítil aggression í þeim, að minnsta kosti ekki voðalega mikil.“

— Þú hefur einkum haldið þig

við performansa og skúlptúr fram að þessu, hvað kemur til að þú snýrð þér að teikningum?

„Það liggur beint við vegna þeirra hugmynda sem ég hef núna, annars myndi ég gera myndirnar í annað efni.“

Það er heldur enginn vandi að láta sér detta í hug að teikna. Það er þægilegt, því hægt er að vinna við það hvar sem er og hvenær sem er, án þess að vera bundinn af húsnæði og fjárfestingu.“

— Er dyrt að vera í málverkinu?

„Já, afskaplega og ennþá dýrara að vera í skúlptúrnum, því það er ekki aðeins dyrt að búa hann til heldur þýðir þetta hjá mörgum ævilangan geymslu-kostnað. Annars hefur málverkið aldrei heillað mig.“

— Ert þú hættur að performera?

„Nei, langt í frá. En kannski fært hann yfir á teikninguna eins og núna. Í staðinn fyrir að performera fyrir áhorfendur, þá sýni ég árangurinn.“

— Er performansinn ef til vill á undanhaldi?

„Hann er ekki í tisku en jafn góður þrátt fyrir það.“

— Þurfa þeir, sem stunda performansa ekki að vera pínulitlir exhibitionistar?

„Nei, það þarf ekki að vera samasemmerki þar á milli. Í mörgum tilfellum og öruglega í upphafi, þá performeraði kúntnerinn sjálfur í stað þess að fá annan til þess vegna peningaleysis. En síðar verður það aðalatriðið að búa til heild þar sem hugmynd og framkvæmd sameinast. En þetta er mikið lið-

in tíð, bara gamlir dagar.“

— Hvað er að gerast núna nýtt og ferskt í myndlistinni?

„Ég átta mig ekki alveg á því. Það sem er efst á baugi er svo tvístrað og fálmkennt að útkoman getur í rauninni orðið hver sem er.“

Ef við erum að tala um hvað sé að gerast hér heima, þá finnst mér í rauninni ekkert vera að gerast. Það má kannski líkja myndlistarmönnum við kuðunga, þeir fara sér hægt og bíða inni í skel sinni. Þrátt fyrir að hér ríki ládeyða, þá eigum við samt afskaplega góða myndlistarmenn.“

— Á ekki sérhver listamaður að hafa sitt eigið frumkvæði?

„Hann á ekki neitt, því hann getur ekki verið annað en það sem aðstæður og umhverfi bjóða upp á, því annars væri hann að fást við annan tíma. Annars má segja sem svo, að það sé betra að láta höggva af sér hausinn fyrir einhverja vitleysu en að segja ekki neitt.“

— Finnst þér tíðarandinn lítt gefandi?

„Já, ég get ekki neitað því. Það er ríkjandi einhvers konar fjöldatilfinning, þar sem fjölmíðlar þrengja sér inn í líf fólks með sinni einhæfu túlkun á öllum hlutum. Umfjöllunin gengur einkum út á eitt, að allir eru að drepa úr blankheitum, þau eru orðin eins konar þjóðarsjúkdómur. Þetta er ekki aðeins leiðinlegt heldur óhugnanlegt.“

— En til hvers er listin? — Hann hristir höfuðið yfir þessari útjöskuðu spurningu?

„Ég segi eins og Picasso, listin er algerlega tilgangslaus, því ef hún hefði tilgang, segði eitthvað, þá væri hún farin að kássast í eitthvað allt annað.“

Ég held að eitt af því fáa, sem til er algerlega sjálfstætt, sé listin, hinsvegar má notfæra sér hana, en þá erum við komin út í annað. — Listin er algerlega ónýtt nema sem slík.“

— Nú er mikið talað um að færa listina til fólksins, hvað finnst þér um það?

„Þetta er sú brjálæðislegasta útópía, sem ég hef heyrt, hún gengur ekki upp, hvernig gæti það gerst?“

Það er nákvæmlega eins og ég ætlaði að ala upp barn eins og mér fyndist að það ætti að vera eftir 50 ár.

Í þessari hugmynd kemur líka fram sú útbreiddi misskilningur að fólkið sé svo vitlaust að það verði að mennta það. Það þarf ekki að vera með eitthvert program til að koma listinni á framfæri, hún skilar sér.

Það er svo annað mál, að það er svoltill munur á því að búa til mynd og list. Myndgerð er á allra manna færi, en einn og einn getur búið til list.

Óg jafnvel stórir listamenn hafa aðeins gert fáar myndir, sem kalla má list og þær myndir ná til allra sama hversu lokaðir þeir eru. Það er þetta sem gerir list að list.“

— Af hverju vill fólk horfa á myndir?

„Lífið er mynd, en góð mynd samþjappar hughrifum, sem fólk getur upplifað aftur og aftur.“

— Horfa myndlistarmenn ekki öðrum augum á umhverfi sitt en aðrir?

„Það er enginn vafi á því. Það má ef til vill segja að þeir brjóti umhverfi sitt upp í líti, form og línur. Flestir gera þetta ósjálf-rátt og við það skapast ákveðin hughrif, sem þjálfað auga sér.“

Ég trúí líka á einhvers konar eðlisávisun, sem ekki er hægt að fletta upp í. Stundum renna menn blint í sjóinn og fara á bólakaf, en stundum uppskera þeir hundraðfalt á við þá sem fara eftir einhverri ákveðinni línu.“

— Er þitt líf óreglulegt?

„Nei, ég held ég lifi frekar venjulegu lífi. Ef til vill er ég betri við sjálfan mig en gengur og gerist. En ég hef aldrei kunnað að fara með peninga og aldrei langað til að eignast neitt. Það er þó ekki það sama og láta reka á reidanum. Ég vil einfaldlega ekki eignast hluti nema að ég geti aflað þeirra með mínum aðferðum.“

— Nú þarft þú eins og flestir aðrir listamenn á þessu landi og þótt víðar væri leitað, að vinna venjulega daglaunavinnu jafnframt listsköpun. Þú hefur unnið sem teiknari hjá sjónvarpinu í 4 ár. Hvernig líkar þér það?

„Mér finnst það taka allt of mikinn tíma frá mér. Það er líka afskaplega lítið gefandi, þó það ætti í sjálfu sér að geta verið það. Því það er oft svo lítil gleði í því sem verið er að gera.“

— Hvernig er sú tilfinning að þurfa að vera í öðru en þú hefur raunverulega áhuga á?

„Það má segja, að það skapi eins konar geðklofaástand að skipta sér niður á þennan hátt. Maður er búinn að leggja á sig 6 ára nám en getur svo ekki lifað af því sem maður hefur lært, heldur verður að hafa það sem hobbý. Þetta er svo óheilbrigt einhvern veginn. Hvers vegna er ekki bara skrúfað fyrir það að fólk fari í þetta nám fyrst ástandið er svona?“

En þessar stundir, sem maður á inn á milli, einn með sjálfum sér, eru dásamlegar. Það er þegar maður tekst vel upp. Ég hætti meira að segja að vera þreyttur, því það er þannig, að þegar ég er búinn að vinna gott verk, er eins og ég vakni endurnærður, þó ég sé búinn að vinna klukkutímum eða dögum saman.

Í fyrrasumar fékk ég tveggja mánaða styrk til að dvelja í Finnlandi. Þar hafði ég íbúð og vinnustofu. Það var í fyrsta skipti í langan tíma, sem ég gat eingöngu unnið fyrir mig. Þá komst ég að því hverju ég get afkastað og hvernig ég get byggt upp vinnu mína. Þarna vann ég mikið. Stór hluti af því sem ég sýni á Kjarvalsstöðum er einmitt unninn úti í Finnlandi.“

— Nú festast listamenn oft í ákveðnu efni, sem þeir vinna úr. Þér virðist ekkert heilagt, þú notar hvað sem er?

„Það má kannski segja að ég sé orðinn fastur í hugmynda-vinnunni og í að tileinka mér ekkert efni . . . fastur í að festast ekki.“

— Þú hefur ekki farið út í að skrifa, því það virðist ekki langt í það?

„Nei, en ég tala stundum inn á segulband, ef til vill klukkutímum saman.“

— Um hvað talar þú?

„Allt og ekkert.“

— Þér líkar best við sjálfan þig af öllum, sem þú þekkir?

„Nei . . . jú, jú. Það er rétt að mér líður aldrei eins vel og með sjálfum mér, þó ég geti verið óánægður líka. Þetta er ekki ego-ismi heldur einhver frumbörf. En stundum þarf maður aðvitað líka á öðrum að halda.“

Viðtal: Hildur Einarsdóttir
Ljósmynd: Árni Sæberg